

Sjötti fundur haldinn á Breiðabliki fimmtudaginn 11. júní 2015 kl. 21:00

Mættir: Eggert Kjartansson, Atli Sveinn Svansson, Katrín Gísladóttir, Halldór Jónsson og Gísli Guðmundsson. Einnig Kristín Björk Guðmundsdóttir skólastjóri. Herdís Þórðardóttir í 2 lið.

Katrín ritar fundargerð.

Oddviti setur fund og býður fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

Til afgreiðslu.

1. 33. fundargerð skipulags og byggingarnefndar frá 11.05.2015. **Samþykkt**
2. 34. fundargerð skipulags og byggingarnefndar frá 8.06.2015. Eggert vikur af fundi og Herdís tekur sæti, varaoddviti tekur við stjórn fundarins. **Samþykkt.** Eggert tekur sæti á ný og Herdís vikur.
3. Yfirlit skólastjórna Laugargerðisskóla. **Skólastjóri fór yfir starfsemi skólans. Fara þarf í vinnu við skólastefnu sveitarfélagsins í haust. Oddvita og skólastjóra falið að koma með hugmyndir fyrir 50 ára áfmæli skólans og leggja fyrir fund í ágúst.** Kristín Björk vikur af fundi.
4. Drög að þjónustusamning milli Eyja- og Miklaholtshrepp og Borgarbyggðar um skólamál. **Samþykktur samhljóða.**
5. Viðhaldsmál við Laugargerðisskóla. **Farið yfir viðhaldsmál Laugargerðisskóla.**
6. Erindi Þórðar og Sonju frá Stórákrók og varðar land hreppsins. **Ákveðið að hefja viðræður við þau og hreppurinn sé tilbúinn að selja sambærilega lóða og gert hefur verið áður.**
7. Framlenging samnings um skólaakstur Við Halldór Jónsson til eins árs. Halldór vék af fundi. **Samþykkt.** Halldór kemur aftur.
8. Félagsheimili Breiðablik heimavinnsla matvæla – starfsleyfi dagsett 22. maí 2015. **Gengið hefur verið frá formsatriðum og leyfið er klárt.**
9. Gjaldskrá vegna skipulags og byggingarmála. **Samþykkt samhljóða.**
10. Bréf dagsett 8. Júní frá Presti og Laufey frá Stakkhamri og varðar skólavist dætra þeirra. **Tillaga að afgreiðslu málsins: Fram kemur í umræddu bréfi að þess sé óskað að sveitarfélagið inni af hendi greiðslur þannig að stúlkurnar Bjarndís Erla og Alexandra Ásta geti sótt grunnskóla í Stykkishólmi, en þær munu nú eiga lögheilili innan þess sveitarfélags og geta samkvæmt því sótt grunnskóla þar. Sveitarfélagið getur ekki fallist á slíkt og bendir á að innan hreppsins er rekinn grunnskóli í samræmi við lög um grunnskóla og eru bréfritarar hvattir til að nýta sér hann vegna skólagöngu dætra sinna. EK, AAS og KG samþykk. HJ og GG á móti.**
11. Verkefnið fegurri sveitir. **Samþykkt að taka þátt í verkefninu.**
12. Ljósleiðaramál. **Munnlegt samkomulag er komið á við Mílu um að ljósleiðari verði lagður í sveitarfélagið í ár og verkinu lokið fyrir árslok. Oddvita falið að ganga til samninga á þeim nótum sem kynntar voru og leggja síðan fyrir fund.**
13. Fundargerð fræðslu og skólanefndar frá 24.05.2015. **Samþykkt.**

Mál í vinnslu.

14. samstarf sveitarfélaga á Snæfellsnesi. **Farið yfir samstarfið og mikilvægi þess að Svæðisgarðar nái að þróa sig áfram. Jafnframt mikilvægt að framkvæmdaráð verði vettvangur fyrir aukið samstarf innan Snæfellsnes.**

15. Væntanleg kröfugerð ríkisins vegna þjóðlendumála. **Málinu hefur seinkað að hálfu ríkisins.**

Til kynningar:

16. Opinber útgáfa fundargerðar 150. fundar félmn Snæfellinga 05.05. 2015

17. Ársreikningar héraðsnefndar vegna 2014

18. Fundargerð 828 samband íslenskra sveitarfélaga

19. 32. Fundur framkvæmdaráðs Snæfellsnes

20. Fundargerð héraðsnefndar frá 27. maí 2015

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Katrín Gísladóttir (sign)

Halldór Jónsson (sign)

Gísli Guðmundsson (sign)

Atli Sveinn Svansson (sign)

Eggert Kjartansson (sign)